

Heflun á blöðruhálskirtli

Stækkun á blöðruhálskirtli getur valdið vandamálum við þvaglát svo sem þvagtrengðu, þvagteppu, þvagfærasýkingum, tíðum þvaglátum og þvaglátum að nóttu til.

Aðgerð á blöðruhálskirtli er ýmist gerð í mænudeyfingu eða svæfingu. Farið er upp þvagrásina með þar til gerðu tæki og heflað af kirtlinum innanverðum.

Rétt er að gera ráð fyrir að vera frá vinnu í 2-3 vikur eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og líðan.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við lækni.

Símaviðtal vegna svæfingar eða deyfingar

Hjúkrunarfræðingur svæfingadeildar hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar/deyfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka viss lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp í tengslum við fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði, uppköst eða annað er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:


- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Rannsóknir

Flestir þurfa að mæta á göngudeild 10E nokkrum dögum fyrir aðgerð til að láta taka blóðsýni og skila þvagsýni. Hjartalínurit er einnig tekið ef þörf er á.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelum ef þörf er á.



Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu/deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir komu á spítalann.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér snyrtivörur, tannbursta, þægileg föt, inniskó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Þvo þarf vandlega undir forhúð án sápu. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, ilmefni eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.

Fyrir aðgerð þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerðin tekur rúmlega klukkustund.

Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa vökva og lyf.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknunardeild í nokkrar klukkustundir og síðan á dagdeild eða legudeild.

Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkommið að hringja. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.

Þvaglát

Þvagleggur er settur í þvagblöðruna og saltvatn látið renna í gegnum hann til að skola út blóðvökva, þar til þvagið er orðið ljóst. Eðlilegt er að þvag sé blóðlitað fyrst eftir aðgerðina. Því er mikilvægt að drekka 1,5-2 lítra á sólarhring meðan blóð er í þvagi. Þvagleggurinn er yfirleitt fjarlægður 2-3 dögum eftir aðgerð og því er farið heim með þvaglegginn.

Verkir

Borið getur á samdráttarverkjum í þvagblöðru og sviða í þvagrás. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Notaður er verkjavarði til að meta styrk verkja þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki og ef ber á þvagláta- eða hægðapörf svo hægt sé að bregðast við því.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Matur og drykkur

Drekka má og borða strax eftir aðgerð en vökvi er gefinn í æð ef með þarf.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnka hættu á myndun blóðtappa. Ef mænudeyfing er lögð í aðgerðinni veldur hún skertri tilfinningu í fótum fyrst á eftir. Sumir finna fyrir svima þegar farið er í fyrsta skipti fram úr rúmi eftir aðgerð, því er mikilvægt að fá aðstoð starfsmanns við það.

Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs heim eða á sjúkrahótel. Í sumum tilvikum er þörf á innlögn yfir nótt.

Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftarfræðsla
- Endurkomutíma hjá þvagfæraskurðlækni
- Endurkomutíma á göngudeild þvagfæra 11A

Útskriftarfræðsla

Þvaglát

Ráðlagt er að drekka um 1,5-2 lítra á dag til að halda góðu flæði í gegnum þvagblöðruna. Búast má við blóði í þvagi í allt að 4-6 vikur. Blæðing getur aukist 10-14 dögum eftir aðgerð þegar hrúður fer af sárinu í þvagrásinni og þá er mikilvægt að drekka vel.

Eftir að þvagleggur er fjarlægður er algengt að finna fyrir sviða í þvagrás, tíðum og bráðum þvaglátum. Einkennin minnka smám saman og ættu að hverfa á næstu vikum. Mikilvægt er að halda ekki í sér þvagi. Hægt er að kaupa þvaglekabindi í apóteki ef þörf krefur. Ef þvagleki hættir ekki þarf að ræða það í endurkomutíma. Ef þvaglát ganga illa getur þurft að setja aftur þvaglegg tímabundið.

Hægðir

Hægðatregða getur aukið blæðingu í þvagi og hættu á þvagteppu. Til að halda hægðum mjúkum er mælt með að borða trefjaríka fæðu, svo sem ávexti, grænmeti og gróft brauð. Ef það dugar ekki er gott að drekka glas af sveskjusafa 1-2 sinnum á dag eða nota hægðalyf sem fást í apóteki án lyfseðils.

Verkir

Ef verkir eða sviði eru til staðar, er ráðlagt að taka verkjalyf, sem hægt er að kaupa án lyfseðils í apóteki. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Ef þvagleggur er enn til staðar við útskrift getur borið á krömpum í þvagblöðru vegna ertingar frá þvagleggnum, sem verkjalyf getur slegið á.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu í 4-6 vikur eftir aðgerð og varast að lyfta eða bera hluti þyngri en fimm kíló. Mikilvægt er að hreyfa sig daglega og eru gönguferðir góður kostur.

Kynlíf

Ekki er ráðlagt að hafa samfarir í 3-4 vikur eftir aðgerð en það er sá tími sem tekur sárið að gróa. Eftir aðgerðina verða breytingar við sáðlát, þannig að sæðið fer upp í þvagblöðru í stað þess að fara út um þvagrás og því eru ekki líkur á getnaði. Þvagið verður þess vegna skýjað eftir sáðlát. Ef erfiðleikar koma upp í kynlífi eftir aðgerð er ráðlagt ræða það við lækni, því ýmis úrræði eru til.

Vinna

Gera má ráð fyrir að vera frá vinnu í 2-3 vikur eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Eftirlit

- Hjá þvagfæraskurðlækni samkvæmt tímabókun.
- Á göngudeild þvagfæra 11A til að fjarlægja þvaglegg eða mæla afgangspvag í þvagblöðru ef þvagleggur var fjarlægður heima.

Hafa þarf samband við göngudeild 11A á dagvinnutíma en 13EG utan þess tíma ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er hærri en 38°C
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Þvaglát ganga illa
- Mikil, fersk blæðing sést í þvagi
- Viðvarandi þvagleki
- Illu lyktandi þvag

Í bráðatilvikum er ráðlagt að leita á bráðamóttöku

Símanúmer

Dagdeild skurðlækninga 13D	543 7480
Kviðarhols- og þvagfæraskurðeild 13EG	543 7500
Göngudeild þvagfæra 11A	543 7100

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Umhirða þvagleggs

Til að draga úr hættu á þvagfærasýkingu meðan þvagleggur er til staðar er ráðlagt að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum varðandi hreinlæti og umhirðu.

- Daglegur þvottur án sápu kringum þvagrás og þvaglegg. Fara má í sturtu en ekki fara í baðkar, sund eða heitan pott.
- Konur þurfa að þvo framan frá og aftur að endaparmi.
- Karlar þurfa að þvo undir forhúð og gæta þess að draga forhúðina aftur niður.
- Þvo þarf hendur fyrir og eftir hverja losun úr þvagpokanum.
- Skipta þarf um þvagpoka á þriggja vikna fresti. Þess utan má ekki rjúfa samskeyti.

Til að tæma þvagpokann er lokan á enda hans opnuð. Þvagpokann þarf að tæma reglulega svo hann yfirfyllist ekki. Nauðsynlegt er að tæma þvagpokann fyrir svefn. Gott er að losa um böndin (ekki fjarlægja þau) sem halda pokanum á fótlegg eða læri fyrir nóttina. Böndin eru með frönskum rennilás og þola þvott.

Til að koma í veg fyrir tog á þvaglegginn þarf að gæta þess að hafa slaka á honum og festa vel með plástri eða sérstökum festibúnaði á lærið. Best er að plástra til skiptis á hægri og vinstra læri svo ekki komi sár við þvagrás. Ráðlagt er að nota hvítan silkiplástur sem fæst í apótekum og skipta um plástur eftir þörfum. Einnig er gott að nota þvaglekabindi og vera í netbuxum og/eða þröngum nærbuxum sem halda vel við og minnka hreyfingu á þvagleggnum. Tog á þvaglegg getur valdið ertingu í blöðru, sviða og eymsli í þvagrás.

Nauðsynlegt er að drekka um 1,5-2 lítra á dag. Ráðlagt er að borða trefjaríkt fæði, grænmeti og ávexti til að fyrirbyggja hægðatregðu.

Fyrir útskrift þarf að fá upplýsingar um hvar og hvenær á að skipta um eða fjarlægja þvaglegginn.

Vandamál sem geta komið upp

- Ef þvag rennur ekki um slöngu, þarf að athuga hvort brot sé á þvaglegg eða slöngu.
- Þvaglátstilfinning getur stafað af ertingu vegna þvagleggsins.
- Krampi í þvagblöðru getur komið upp, en hverfur yfirleitt fljótlega.
- Þvagleki meðfram þvagleggnum getur orðið vegna krampa í þvagblöðru.

Hafa þarf samband við spítalann ef:

- Viðvarandi verkur er undan þvaglegg eða yfir þvagblöðru.
- Ekkert þvag kemur í þvagpokann í 2-3 klukkustundir.
- Viðvarandi blóð er í þvagi.
- Líkamshiti verður hærri en 38,5°C eða skjálfti gerir vart við sig.

Göngudeild þvagfæra 11A, sími 543 7100. Utan dagvinnutíma er leitað á bráðamóttöku.

Ef útskrift er frá kvenlækningadeild er haft samband við móttöku deildar í síma 543 3224 á virkum dögum og utan þess tíma á legudeild kvenlækningadeilda í síma 543 3263.

